

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar

167. fundur bæjarstjórnar Reykjanesbæjar haldinn þriðjudaginn 20. febrúar 2001, að Tjarnargötu 12, kl. 17.00.

Mættir voru bæjarfulltrúarnir: Skúli Þ. Skúlason, Björk Guðjónsdóttir, Þorsteinn Erlingsson, Böðvar Jónsson, Kjartan Már Kjartansson, Ólafur Thordersen, Kristján Gunnarsson, Ellert Eiríksson bæjarstjóri, varafulltrúarnir Steinþór Jónsson, Sveindís Valdimarsdóttir, Valur Ármann Gunnarsson, fundarritari var Hjörtur Zakaríasson og í forsæti var Skúli Þ. Skúlason.

Dagskrá

1. mál. Fundargerðir bæjarráðs 08/02, 15/02'2001.
2. mál. Fundargerðir fjölskyldu- & félagsmálaráðs 06/02, 12/02'2001.
3. mál. Fundargerð framkvæmda- & tækniráðs 13/02'2001.
4. mál. Fundargerð markaðs- & atvinnuráðs 14/02'2001.
5. mál. Fundargerð menningar- & safnaráðs 06/02'2001.
6. mál. Fundargerð skipulags- & byggingarnefndar 08/02'2001.
7. mál. Fundargerð tómtunda- & íþróttaráðs 07/02'2001.
8. mál. Fundargerð stjórnar H.S. 05/02'2001.
9. mál. Fundargerð stjórnar S.S. 08/02'2001.
10. mál. Umferðarskipulag, þriðja og síðasta umræða.
11. mál. Kosning 1 fulltrúa í Starfskjaranefnd Starfsmannafélags Suðurnesja og Reykjanesbæjar.

#

1. mál.

Forseti gaf orðið laust um fundargerðir bæjarráðs 08/02, 15/02'2001. Til máls tóku Skúli Þ. Skúlason, Kristján Gunnarsson, Kjartan Már Kjartansson, Valur Ármann Gunnarsson, Ólafur Thordersen, Björk Guðjónsdóttir, Ellert Eiríksson, Þorsteinn Erlingsson og Sveindís Valdimarsdóttir. **Fundargerðir bæjarráðs samþykktar 11-0.**

Kjartan Már Kjartansson lýsir sig vanhæfan við afgreiðslu á 10. máli frá 15. febrúar '01. Sveindís Valdimarsdóttir, Valur Ármann Gunnarsson og Ólafur Thordersen sitja hjá í 11. máli frá 15. febrúar '01. Kristján Gunnarsson vísar í bókun.

2. mál.

Forseti gaf orðið laust um fundargerðir fjölskyldu- og félagsmálaráðs 06/02, 12/02'2001. **Samþykkt 11-0 að vísa 1. máli frá 6. febrúar 2001 til bæjarráðs. Fundargerðirnar samþykktar að öðru leyti 11-0, án umræðu.**

3. mál.

Forseti gaf orðið laust um fundargerð framkvæmda- og tækniráðs 13/02'2001. Til máls tók Björk Guðjónsdóttir. **Samþykkt 11-0 að vísa 5. máli til bæjarráðs. Fundargerðin samþykkt 11-0, að öðru leyti.**

4. mál.

Forseti gaf orðið laust um fundargerð markaðs- og atvinnuráðs 14/02'2001. **Samþykkt 11-0 að vísu 3. máli til bæjarráðs. Fundargerðin samþykkt 11-0, að öðru leyti án umræðu.**

5. mál.

Forseti gaf orðið laust um fundargerð menningar- og safnaráðs 06/02'2001. **Fundargerðin samþykkt 11-0, án umræðu.**

6. mál.

Forseti gaf orðið laust um fundargerð skipulags- og byggingarnefndar 08/02'2001. **Samþykkt 11-0 að fresta 1. máli C og vísu 1. máli F til bæjarráðs. Fundargerðin samþykkt 11-0, að öðru leyti án umræðu.**

7. mál.

Forseti gaf orðið laust um fundargerð tómsunda- og íþróttaráðs 07/02'2001. Til máls tók Ellert Eiríksson er lagði fram svar við fyrirspurn Samfylkingarinnar frá 6. febrúar 2001.

Fyrirspurnin:

1. Er það rétt að veitt hafi verið fé úr sjóðum TÍR án vitundar ráðsins. Ef svo er, á hvers ábyrgð var það gert?
2. Hvaða rök liggja til grundvallar því að TÍR vísi rekstri tómsundamála eldri borgara í aðra sjóði en sína eigin?

Svar:

1. *Í framhaldi af erindi Púttklúbbs Suðurnesja frá 1999 um að Reykjanesbær keypti húsnæði í Röstinni þar sem klúbburinn hafði og hefur aðstöðu, fóru fram umræður í bæjarráði í upphafi árs 2000, svo og var bæjarstjóra falið að ræða við fulltrúa klúbbsins um lausnir, þær viðræður eru enn í gangi. Í lok janúar 2000 var klúbbum tilkynnt um verulega hækkun á leigugjaldi eða að öðrum kosti að víkja úr húsnæðinu. Húsaleigan var þá komin töluvert yfir þá upphæð sem félagsmenn töldu sér fært að greiða. Í umræðum í bæjarráði óbokað, töldu allir bæjarráðsmenn að miðað við stöðu mála, væri sjálfsagt að bæjarsjóður kæmi að málinu og greiddi 50% af umsaminni húsaleigu. Í framhaldi var gerður skriflegur samningur um aðstoð bæjarsjóðs um greiðslu þátttöku að upphæð kr. 462.000,- fyrir árið 2000. Hér er nákvæmlega 50% af kr. 924.000,- leigugjaldi Púttklúbbsins í Röstinni. Samningur bæjarsjóðs við Púttklúbbinn rann út 31.12.2000. Ekki hefur verið veitt fé úr Afreks- og styrktarsjóði sem TÍR fer með án þeirrar vitundar. Hinsvegar hafa útgjöld samningsins verið bókuð þar, sem leiðréttast við gerð ársreiknings. Ábyrgð á þessu og öllum málum er bæjarstjóra.*
2. *Misskilningur er í fyrirspurnarliðnum frá Samfylkingunni. TÍR hefur með ráðgjöf og yfirstjórn á Framkvæmdasjóði aldraðra og er með bókun sinni að leggja til að útgjöld samningsins verði gjaldfærð þar. Mjög rökrétt.*

Ellert Eiríksson, bæjarstjóri.

Fundargerð tómsunda- og íþróttaráðs samþykkt 11-0.

8. mál.

Forseti gaf orðið laust um fundargerð stjórnar H.S. 05/02'2001. Til máls tók Þorsteinn Erlingsson. **Fundargerðin er ekki til sérstakrar afgreiðslu.**

9. mál.

Forseti gaf orðið laust um fundargerð S.S. 08/02'2001. **Fundargerðin samþykkt 11-0, án umræðu.**

10. mál.

Umferðarskipulag, þriðja og síðasta umræða. Til máls tók Böðvar Jónsson er lagði fram eftirfarandi breytingartillögur við umferðaskipulag:

1. Lokun Reykjanesvegur við Borgarveg falli út. Samþykkt 11-0.
2. Lokun Hólagötu við Hjallaveg falli út. Samþykkt 11-0.
3. Lokun Hólagötu við Bolafót falli út. Samþykkt með 7 atkv. meirihlutans. Kristján Gunnarsson, Ólafur Thordersen og Valur Ármann Gunnarsson greiða atkvæði gegn og Sveindís Valdimarsdóttir. situr hjá.
4. Lokun Holtsgötu við Bolafót falli út. Samþykkt 11-0.
5. Lokun Lyngholts við Skólaveg falli út. Samþykkt 11-0.
6. Lokun á Miðtúni við Hringbraut færir frá gatnamótum að austurenda húsa nr. 1 og 2 við Miðtún. Samþykkt 11-0.
7. Lokun Klapparstígs við Hafnargötu færir frá gatnamótum að austurenda húsa nr. 2 og 3 við Klapparstíg. Samþykkt með 7 atkv. gegn 4 atkv. minnihlutans.
8. Tenging Njarðarbrautar við Reykjanesveg falli út. Samþykkt með 7 atkvæðum meirihlutans, minnihlutinn situr hjá.
9. Tenging Heiðarbergs við Heiðarholt verði sky. núverandi bráðabirgðavegi og einstefna verði frá Heiðarbergi að Heiðarholti. Samþykkt með 7. atkvæðum meirihlutans gegn 4. atkvæðum minnihlutans.
10. Göngustígur frá I-Njarðvík til norðurs, yfir Njarðarbraut, færir til móts við Steypustöðina í samræmi við deiliskipulag Grænáss og þar verði sett gangbrautarljós. Samþykkt 11-0.
11. Gangbraut yfir Aðalgötu, til móts við Ásgarð, og nærliggjandi göngubrú verði áfram á núverandi stað. Samþykkt 11-0.
12. Nýr göngustígur neðan Vatnsholts og tengingar að honum falli út en gert verði ráð fyrir að göngustígakerfið verði óbreytt í gegnum Vatnsholtið í núverandi mynd. Samþykkt með 7 atkvæðum gegn atkvæði Kristján Gunnarssonar. Sveindís, Ólafur og Valur Ármann sitja hjá.
13. Gangbraut yfir Heiðarból við göngustíg frá Norðurvöllum verði óbreytt í núverandi mynd en færir ekki til norðurs. Samþykkt 11-0.

Böðvar Jónsson.

Til máls tóku Ólafur Thordersen, Kristján Gunnarsson, Ellert Eiríksson, Skúli Þ. Skúlason og Valur Ármann Gunnarsson. **Umferðaskipulagið samþykkt 11-0 með áorðnum breytingum.**

11. mál.

Kosning 1 fulltrúa og 1 varafulltrúa í Starfskjaranefnd Starfsmannafélags Suðurnesja og Reykjanesbæjar. **Uppástunga kom um Hjört Zakaríasson sem aðalman og Ellert Eiríksson til vara og voru þeir sjálfkjörnir.**

Fleira ekki gert og fundi slitið.

*Skúli Þ. Skúlason,
Björk Guðjónsdóttir,
Þorsteinn Erlingsson,
Böðvar Jónsson,
Kjartan Már Kjartansson,
Ólafur Thordersen,
Kristján Gunnarsson,
Ellert Eiríksson,
Steinþór Jónsson,
Sveindís Valdimarsdóttir,
Valur Ármann Gunnarsson.*